

LANDSKJÖRSTJÓRN

Alþingi
B.t. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. október 2022

Tilv.: LKS2022090006

Efni: Umsögn landskjörstjórnar um frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum, nr. 112/2021 (jöfnun atkvæðavægis), 14. mál.

Landskjörstjórn vísar til erindis stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis dags. 21. september sl., þar sem frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum nr. 112/2021, þingskjal 14 – 14. mál er sent til umsagnar. Hér að neðan er að finna umsögn landskjörstjórnar við frumvarpið.

Samkvæmt frumvarpinu er meginmarkmið þess að jafna vægi atkvæða á milli kjördæma sem mest og tryggja eftir því sem framast er unnt að samræmis sé gætt með þingmannatölu og atkvæðafylgi hvers þingflokks líkt og kveðið er á um í 4. mgr. 31. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Í frumvarpinu er lagt til að eftir hverjar þingkosningar beri landskjörstjórn að ákvarða hvernig þingsæti skiptast á milli kjördæma, svo og innbyrðis skiptingu þingsæta sem kjördæmis- og jöfnunarsæta.

Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. núgildandi kosningalaga ber landskjörstjórn að reikna út eftir hverjar alþingiskosningar hvort kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum skv. 2. mgr. 9. gr., séu helmingi færri í einu kjördæmi en kjósendur að baki hverju þingsæti í einhverju öðru kjördæmi, miðað við kjörskrá í nýafstöðnum kosningum, sbr. 5. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar.

Samkvæmt 5. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar hefur landskjörstjórn það hlutverk að kanna misvægi á fjölda kjósenda á kjörskrá að baki hverju þingsæti og ef það misvægi er meira en tveir þá skal landskjörstjórn breyta fjölda þingsæta í kjördæmum í því skyni að draga úr þeim mun. Sú útfærsla sem lögð er til í frumvarpinu tryggir áfram að misvægi geti aldrei orðið meira en tveir án þess að landskjörstjórn geri breytingar á fjölda þingsæta í kjördæmum. Frumvarpið gengur á hinn bóginn mun lengra í að jafna vægi atkvæða en lágmarkskrafa stjórnarskrárinnar mælir fyrir um. Aðferðafræðin sem lýst er í frumvarpinu er skýr og engar tæknilegar hindranir í að framkvæma hana.


Landskjörstjórn ber að ákveða mörk kjördæma í Reykjavík og skulu þau miðuð við að kjósendur í hvoru kjördæmi um sig að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, séu nokkurn veginn jafnmargir sbr. 1. mgr. 8. gr. kosningalaga. Ákvæði gildandi kosningalaga getur leitt til þess að það verði ekki jafnmörg þingsæti í Reykjavíkurlkjördæmunum tveimur. Mismunandi fjöldi þingsæta í Reykjavíkurlkjördæmunum myndi hafa í för með sér að landskjörstjórn yrði að ákvarða kjördæmin misstór til að uppfylla ákvæði 8. gr. kosningalaganna. Það er mjög hægfara ferli miðað við núgildandi kosningalög og fyrisjáanlegar breytingar á íbúafjölda í kjördæmum.

LANDSKJÖRSTJÓRN

Landskjörstjórn vill vekja sérstaka athygli á þeim áhrifum sem frumvarpið kann að hafa á mörk Reykjavíkurkjördæmanna tveggja. Verði reikniregla frumvarpsins að lögum eru mun meiri líkur á að Reykjavíkurkjördæmin verði misstór með mismunandi fjölda þingsæta og að sú skekkja geti undið upp á sig.

Sé þess óskað getur landskjörstjórn mætt á fund stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar og útskýrt umsögn þessa frekar.

F.h. landskjörstjórnar



Indriði B. Ármannsson, lögfræðingur